

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2025, miðvikudaginn 15. október var haldinn 431. fundur samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Skálafelli og hófst kl. 07:50. Mættir: Sara Björg Sigurðardóttir formaður, Bjarni T. Bjarnason Garðabæ, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi og Sævar Birgisson Mosfellsbæ. Andri Sveinn Hilmarsson Kópavogi tók sæti á fundinum með rafrænum hætti. Kristín Thoroddsen Hafnarfirði boðaði forföll. Jafnframt: Einar Bjarnason, Magnús Árnason, Atli Steinn Árnason og Helga Björnsdóttir sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram til umræðu, drög að þjónustukönnun skíðasvæðanna, sem lögð verður fyrir gesti skíðasvæðanna í lok ársins.
Fram komu nokkrar athugasemdir sem verður unnið með í samstarfsnefndinni.
2. Lögð fram rekstrartengd fjárfesting ársins 2026.
3. Farið í vettvangsskoðun á skíðasvæðinu í Skálafelli. Geymslur og skíðaleiga skoðuð.

Fundi slitið kl. 09:20

Sara Björg Sigurðardóttir

Andri Sveinn Hilmarsson
Bjarni Theódór Bjarnason

Magnús Örn Guðmundsson
Sævar Birgisson